


Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2666
komudagur 3.6.2010

Nefndasvið Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 3. júní 2010

Tilvísun: 2010040397VEL/--

Persónuvernd vísar til fundar allsherjarnefndar með stofnuninni þann 18. maí 2010. Af hálfu nefndarinnar hefur þess verið óskað að Persónuvernd skýri ábendingu sína nánar.

Efnislega virðist í raun vera um að ræða þá breytingu að *almannaskráning, sem nú fer fram hjá dómsmálaráðuneytinu, muni eftirleidis fara fram hjá Fasteignaskrá*. Nafni Fasteignaskrár verði breytt í Þjóðskrá Íslands og hún verði ábyrgðaraðili almannaskrár.

Af því tilefni bendir Persónuvernd á að :

1. Brýnt er orðið að endurskoða lög um almannaskráningu nr. 54/1962. Þau lög voru sett í allt öðru tækniumhverfi en nú er við lýði og er brýnt að gera breytingar á þeim t.d. varðandi sölu og notkun á skránni, um meðferð kennitalna við markaðssetningu o.þ.h. og notkun kennitalna eða annarra auðkenna í rafrænni stjórnsýslu. Persónuvernd telur nauðsynlegt að fram fari heildarendurskoðun á umræddum lögum. Löggjöf sem færir ábyrgð á skránni frá ráðuneyti til annars aðila, að óbreyttum efnisákvæðum, felur í raun í sér staðfestingu úreltrar löggjafar þar sem m.a. vafi leikur á um ábyrgð á mikilvægum atriðum um meðferð persónuupplýsinga.


2. Verði engu á síður ákveðið að færa ábyrgð á skránni frá dómsmálaráðuneytinu, að óbreyttum lögum um almannaskráningu, þarf að koma skýrt fram hvort nýr ábyrgðaraðili skuli halda skránni aðskilum frá öðrum skráum sem hann heldur. Við frumvarpið gæti bæst ný svohljóðandi grein, 2. gr., og myndu breytast greinatölur eftir því:

„Þjóðskrá Íslands er ábyrgðaraðili að almannaskráningu og skal fylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ. á m. um öryggi gagna, fræðslu og tilkynningarskyldu. Halda skal gagnagrunnum er lúta að almannaskráningu aðskildum frá

öðrum skrám ábyrgðaraðila. Þó eru heimilar samkeyrslur til uppfærslna á heimilisföngum o.þ.h. Aðra vinnslu skal tilkynna til Persónuverndar.“

Persónuvernd ítrekar fyrri ábendingar sínar, m.a. varðandi fyrirsvar og skýr ákvæði um ráðningu forstjóra og skipun stjórnar.

Virðingarfyllst



Sigrún Jóhannesdóttir